

*Gylfaflöt 22.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 17. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Gylfaflöt 22.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Þverársel 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi, vegna lóðarinnar að Þverárseli 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fiskislóð 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturhöfn, vegna lóðarinnar að Fiskislóð 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. september 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

## REGLUGERÐ

**um gildistöku ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um heilbrigðis-  
eftirlit á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum.**

1. gr.

Ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi ákvarðanir gildi hér á landi:

- A: Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 226/2002/EB, frá 15. mars 2002 um sérstakt heilbrigðiseftirlit við tekju og vinnslu á tilteknum samlokum (tvískelja lindýrum) þegar þörungaeitur sem veldur minnisleysi (ASP) er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 91/492/EBE sem innleidd var með reglugerð nr. 260/1999 um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31 frá 2003 og var birt í EES-viðbæti nr. 9 frá 2005 á bls. 96.
- B: Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 225/2002/EB, frá 15. mars 2002 um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/492/EBE, sem innleidd var með reglugerð nr. 260/1999 um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka, að því er varðar hámarksmagn og greiningaraðferðir á tilteknu sjávarlífeitri í samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31 frá 2003 og var birt í EES-viðbæti nr. 9 frá 2005 á bls. 93.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávararafurða, með síðari breytingum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoði í 31. gr. laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. september 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Ásta Einarsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi Breiðholts og Krossaneshaga, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. júní 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, hesthúsa-hverfis. Breytingin felst í því að efst á Miðhúsaklökkum, norðan hesthúsa við Sörlagötu, kemur endurvarpsstöð fyrir farsímakerfi. Afmörkuð er 100 m<sup>2</sup> lóð og innan hennar gert ráð fyrir tækjaskýli og 16 m háu mastri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. ágúst 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi Krossaneshaga, lóð nr. 8 við Njarðarnes: Lögun byggingarreits breytist, hámarksvegghæð verður 7 m í stað 5 m, innkeyrslur á lóð verða tvær í stað einnar og bílastæðakrafa lækkar í 1 staði á hverja 35 m<sup>2</sup>. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 14. september 2005,*

**Pétur Bolli Jóhannesson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2006.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,72 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu alm-